


16. janúar 2015

Spáum að verðlag lækki um 1% í janúar

Við spáum því að vísitala neysluverðs (VNV) lækki um 1% í janúar og er óhætt að segja að óvenju margir þættir hafi áhrif á verðlag að þessu sinni. Í fyrsta lagi tóku skattbreytingar fjárlagafrumvarpsins 2015 gildi um áramótin sem fela í sér breytingar á virðisaukaskattskerfinu annars vegar og afnám vörugjalda hins vegar. Í öðru lagi koma útsöluáhrif fram í mánuðinum líkt og áður og í þriðja lagi er söguleg lækkun á eldsneytisverði milli mánaða. Ársverðbólga mun því standa í 0,5% í janúar og samkvæmt spá okkar verður verðbólga að meðaltali 0,6% á fyrsta ársfjórðungi eða vel undir fráviksmörkum frá verðbólguarkmiði Seðlabankans.

Mesta lækkunin verður af útsöluáhrifnum en við áætluðum að föt og skór ásamt húsgögnum og heimilisbúnaði hafi 0,88% áhrif til lækkunar á VNV. Á sama tíma lækkar eldsneytisverð verulega í takt við heimsmarkaðsverð á olíu og hefur það 0,45% áhrif til lækkunar á VNV. Einnig lækka flugfargjöld til útlanda eftir tímabundna hækkun í desember og hefur flugliðurinn í heildina 0,35% áhrif til lækkunar. Á móti vegur að matarkarfan hækkar vegna lækkunar á neðra virðisaukaskattsprepi og hefur 0,32% áhrif til lækkunar á VNV. Einnig lækka hótél og veitingastaðir og hafa 0,22% áhrif til lækkunar og jafnframt hækkar húsnæðisliðurinn og hefur hann að meðtöldu rafmagni og hita 0,18% áhrif til lækkunar á VNV.

Áhrif undirliða á verðbólgu í janúar mánuði



Heimild: Spá Greiningardeildar Arion banka

Bráðabirgðaspá okkar breytist lítið milli mánaða en við gerum ráð fyrir því meiri hækkunum í febrúar og mars þegar útsöluáhrifin ganga til baka. Við gerum ráð fyrir að verðlag lækki um 0,7% í febrúar og 0,4% í mars og apríl. Ársverðbólgan mun því mjakast úr 0,5% í janúar og standa í 0,8% í apríl.

Helstu atriði í janúar spánni:


- Matarkarfan hækkar.** Við áætluðum að matur og drykkjarvörur lækki að meðaltali um 2,3% og hafi því um 0,33% áhrif til lækkunar á verðlag. Annars vegar er um að ræða hækkun á neðri virðisaukaskattsprepinu og lækka ýmsar matvörur samkvæmt því um 3,7% en á móti vegur að vörugjöld eru afnumin af ýmsum mjólkurvörum og er því hækkun matarvöru að meðaltali 2,3% í mánuðinum. **Áhrif á VNV: +0,33%**
- Hótel og veitingastaðir lækka.** Hótel og veitingastaðir munu lækka um hátt í 3,7% að okkar mati vegna lækkunar á neðra virðisaukaskattsprepinu. Veitingahús og skyndibitastaðir vega þungt í þessum lið og fara þeir ekki varhluta af skattbreytingum á matvælum en á móti vegur að áfengi er í

efra virðisaukaskattsprepinu og mun því lækka í mánuðinum. Heildaráhrif á VNV er því 0,2% til hækkunar. **Áhrif á VNV: +0,20%**

- **Fasteignaverð hækkar og einnig hiti og rafmagn.** Leiða má líkur að því að fasteignaverð haldi áfram að hækka í janúar og hafi um 0,06% áhrif til hækkunar á VNV. Jafnframt mun verð á hita og rafmagni hækka. Hvað rafmagn varðar hækkaði verðskrá RARIK í dreifbýli um 3% um áramótin en stendur í stað í þéttbýli. Rafmagnsreikningur Orkuveitu Reykjavíkur (OR) lækkar um 1,2% vegna lækkunar á efra virðisaukaskattsprepisins. Þegar allt er lagt saman verða áhrif á VNV vegna verðs á rafmagni lítil sem engin. Á hinn bóginn hækkar verð á heitu vatni hjá RARIK um 9,8% vegna vísitöluhækkunar frá síðustu verðbreytingu en einnig vegna hækkunar á neðra virðisaukaskattsprepi. Hitaveitureikningur OR hækkar um 3,7% vegna sömu skattbreytinga. Samanlagt eru áhrif vegna hækkana á heitu vatni því um 0,12% til hækkunar á VNV. Samtals mun húsnæðisliðurinn hafa 0,18% áhrif til hækkunar á verðlag. **Áhrif á VNV: +0,18%.**
- **Aðrir liðir hækka lítillega.** Aðrir liðir hækka lítillega í mánuðinum og má þar nefna áfengi og tóbak og heilsu. Vissulega mun lækkun efra virðisaukaskattsprepisins á áfengi og tóbak halda aftur af hækkunum á áfengi og tóbaki en samtals teljum við að liðirnir tveir hafi 0,08% áhrif til hækkunar á VNV. **Áhrif á VNV: +0,08%.**
- **Útsöluáhrifin meiri en áður.** Að þessu sinni verða útsöluáhrifin í janúar heldur meiri en í fyrra og skýrist það af afnámi vörugjalda á raftækjum og einnig lækkun á efri virðisaukaskattsprepi. Lækkun á raftækjum hefur nú þegar komið fram á síðustu þremur mánuðum en við teljum að frekari lækkunar sé að vænta í mánuðinum. Einnig hefur breyting á virðisaukaskattskerfinu þau áhrif að ýmsir liðir lækka um 1,2%. Við áætluðum að föt og skór lækki um tæplega 14% vegna útsölu- og skattaáhrifa og hafi 0,66% áhrif til lækkunar á VNV. Jafnframt munu húsgögn og heimilisbúnaður lækka um tæp 5% og hafa 0,22% áhrif til lækkunar á VNV. **Áhrif á VNV: -0,88%.**

Útsöluáhrif (föt og skór, húsgögn og heimilisbúnaður)

- áhrif á vísitölu neysluverðs í janúar (%)



Heimildir: Hagstofa Íslands, spá Greiningardeildar Arion banka

- **Söguleg lækkun á eldsneytisverði.** Að þessu sinni má búast við sögulegri lækkun á eldsneytisverði en samkvæmt mælingum Greiningardeildar lækkaði bensín um 11% milli mánaða en dísilolía um rúm 10%. Áhrifin á VNV eru því -0,45% til lækkunar og er það jafnframt helsta skýringin á því að spá okkar er færð verulega niður í mánuðinum. **Áhrif á VNV: -0,45%.**
- **Flugfargjöld lækka.** Samkvæmt verðmælingum Greiningardeildar gengur hækkun á flugfargjöldum til útlanda í desember til baka og lækka flugfargjöld því hátt í 17% í janúar. Einnig hefur lækkun eldsneytisálags flugfélaga áhrif til lækkunar. Áhrif flugfargjalda til lækkunar á VNV eru því 0,26% til lækkunar á VNV. Á sama tíma lækka bílar, varahlutir og aðrir liðir vegna ökutækja um 1,2% vegna virðisaukaskattbreytinga og hafa 0,09% áhrif til lækkunar á VNV. **Áhrif á VNV: -0,35%.**
- **Tómstundir og menning halda áfram að lækka.** Við spáum því að tómstundir og menning lækki í mánuðinum og hluti af skýringunni er frekari lækkun á sjónvörpum, myndböndum og tölvum vegna umræddra skattbreytinga. Engu að síður hafa áhrifin að miklu leyti komið fram undanfarna mánuði þar sem sjónvörp hafa lækkað um hátt í 8%. Áhrifin í janúar eru því minni en ella og áhrif til lækkunar á VNV einungis 0,07%. **Áhrif á VNV: -0,07%.**

Bráðabirgðaspá – Lækkun olíuverðs á heimsmörkuðum skilar sér í lægra eldsneytisverði

Segja má að eldsneytisverð hafi verið einn af ráðandi þáttum í verðlagsmælingum Hagstofunnar undanfarið. Í bráðabirgðaspá okkar gerum við ráð fyrir að hægja muni á lækkun olíuverðs á


heimsmörkuðum og sömuleiðis eldsneytisverði innanlands, þótt vissulega sé erfitt að spá fyrir um þróun heimsmarkaðsverðs á olíu. Brent hráolían hefur kostað í kringum 46 bandaríkjadali undanfarna daga en hækkaði nýverið í 48 bandaríkjadali. Olíuverð hefur því lækkað í kringum 55% frá því í sumar og á sama tíma hefur bensínverð innanlands lækkað um 21%. Við höfum áður bent á að 1% lækkun á hráolíuverði leiði að jafnaði til 0,38% lægra eldsneytisverðs innanlands til lengri tíma og rímar það við þá staðreynd að einungis um 30-40% af kostnaði við hvern bensínlítra felst í innkaupaverði. Við teljum því að lækkun olíuverðs á heimsmörkuðum hafi skilað sér að mestu ef ekki öllu leyti út í eldsneytisverð innanlands undanfarið og að minni lækkana sé að vænta á næstu mánuðum.

Að öðru leyti gerum við ráð fyrir óbreyttu gengi krónunnar og að hækkun húsnæðisverðs verði svipað og undanfarið. Nokkur ólga er á vinnumarkaði þessa dagana og er því óvissa vegna kjarasamninga meiri en oft áður. Við gerum þó ekki ráð fyrir miklum þrýstingi á verðlag sökum þeirra á fyrri hluta ársins en verðbólga gæti farið vaxandi á seinni hluta ársins ef launahækkanir verða verulegar. Gangi spá okkar eftir mun ársverðbólga mælast um 0,8% í apríl.

Helstu atriði í bráðabirgðaspánni:

- **Febrúar +0,7%.** Veigamesta hækkunin að okkar mati verður á fötum og skóm þegar útsöluáhrif ganga til baka. Einnig er líklegt að matarkarfan hækki ef hækkun á neðra virðisaukaskattsþrepinu verður ekki að fullu komin út í verðlag í janúar. Ólíklegt er að ferðaliðurinn hafi veruleg áhrif til hækunar.
- **Mars +0,4%.** Gert er ráð fyrir að útsöluáhrifin haldi áfram að ganga til baka og hafi um 0,2% áhrif til hækunar á VNV. Flugfargjöld og húsnæðisverð mun einnig hækka í mánuðinum.
- **Apríl +0,4%.** Gert er ráð fyrir að föt og skór hækki ásamt ferðaliðnum og húsnæðisverði. Spáin kann þó að lækka ef innfluttar vörur og innlendar vörur halda áfram að lækka í verði líkt og undanfarna mánuði.

Bráðabirgðaspá Greiningardeildar



Heimildir: Hagstofa Íslands, spá Greiningardeildar Arion banka

Greiningardeild Arion banka

Anna Hrefna Ingimundardóttir
anna.ingimundardottir@arionbanki.is

Hrafn Steinarsson
hrafn.steinarsson@arionbanki.is

Elvar Ingi Möller
elvar.moller@arionbanki.is

Stefán Broddi Guðjónsson
stefan.gudjonsson@arionbanki.is

Forstöðumaður

Regína Bjarnadóttir
regina.bjarnadottir@arionbanki.is
444-6969

[Hér má finna fyrirvara](#)